

13

12. febr.

REGLUR

um kosning þriggja manna í skipulagsnefnd fólksflutninga.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 36, 1. febrúar 1936, um breytingu á lögum nr. 62, 28. jan. 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum eru settar eftirfarandi reglur fyrir sérleyfishafa um kosningu þriggja manna í skipulagsnefnd fólksflutninga.

1. gr.

Sérleyfishafar eiga rétt á að kjósa þrjá menn og þrjá til vara í þá sex manna nefnd, er gerir tillögur til póststjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt nefndum lögum. Kosning fer fram í desembermánuði ár hvert, nema 1936 í febrúar eða marz, og gildir fyrir almanaksárið.

Viðhafa skal hlutfallskosningu í nefndina.

2. gr.

Sérleyfishafar skulu bera fram kjörlista, og skulu á hverjum kjörlista ekki vera færri nöfn en fjögur, en meðmælendur hvers lista séu eigi færri en þrír, og skulu þeir allir vera sérleyfishafar; að öðrum kosti telst listinn ógildur. Ennfremur fylgi yfirlýsing þeirra manna, er á lista standa, um, að þeir vilji taka sæti í nefndinni. Umboðsmenn listans eru þeir, sem á honum standa í kjöri, eða meðmælendur. Þrír efstu menn hvers lista teljast aðalmenn, en fjórði maður listans telst varamaður. Enginn getur staðið á fleiri en einum lista né heldur verið meðmælandi fleiri lista en eins, og er í slíku tilfelli sá listi ógildur, sem seinna berst póststjórninni. Nú falla jöfn atkvæði á tvo eða fleiri kjörlista, og ræður þá hlutkesti úrslitum. Nú hefir að loknum framboðsfresti aðeins einn kjörlisti komið fram, og fer þá engin kosning fram, en póststjórnin úrskurðar þá, sem á listanum standa rétt kjörna, og í þeirri röð, er að ofan getur.

Nú er framboðsfrestur útrunninn og enginn listi kominn fram, og ferst kosning þá fyrir það ár, og skipar atvinnumálaráðherra þá í nefndina þrjá sérleyfishafa.

3. gr.

Kosningarrétt hafa allir sérleyfishafar aðrir en þeir, sem eingöngu stunda fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum.

Atkvæði hvers einstaks sérleyfishafa miðast við tölu þeirra bifreiða hans, er hann notar til sérleyfisferða, samkvæmt ákvæðum laganna, þannig að fyrir hverjar þrjár bifreiðar eða færri komi eitt atkvæði, þó þannig að enginn einstakur sérleyfishafi geti farið með meira en 10% af heildaratkvæðamagninu. Eigi skal sérleyfishafi fá atkvæðisrétt fyrir þær bifreiðar, er hann hefir til vara á sérleyfisleiðum, og sker póststjórnin úr, hve margar af bifreiðum sérleyfishafa veita honum rétt til atkvæða.

4. gr.

13

12. febr.

Póststjórnin undirbýr og sér um kosningu í nefndina. Skal hún með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og með bréfi eða símskeyti til allra sérleyfishafa tilkynna það, sem þarf um kosninguna. Kjörlistum, sbr. 2. gr., skal skilað til pósthjónarinnar í Reykjavík innan þess tíma, sem hún ákveður í auglýsingunni um kosninguna. Jafnóðum og listarnir berast, úrskurðar pósthjónin, hvort þeir teljist gildir, bókstafsmerkir þá A, B, C o. s. frv. og ritar á þá dagsetningu og klukkustund, er þeim er veitt móttaka.

Senda má pósthjóninn kjörlista símleiðis, enda séu undirskriftir þeirra, sem bera listann fram (meðmælenda), sem og yfirlýsingar þeirra, sem í kjöri eru, staðfestar af póstaðgreiðslumanni eða stöðvarstjóra á þeim stað, sem skeytið er sent frá. Sjálfan listann, ásamt yfirlýsingum, skal þó ætíð senda með næstu pósthferð á eftir.

5. gr.

Pósthjónin útbýr og sendir hverjum sérleyfishafa afrit af þeim listum, sem kjósa skal um, ásamt nöfnum meðmælenda hvers lista og tilkynnir kjósenda um leið, hvenær kosningarfrestur sé útrunninn. Ef þörf krefur, má senda þetta símleiðis.

6. gr.

Sérleyfishafi kys á þann hátt sem hér segir:

Þar sem því verður við komið, skal kosið skriflega, og sendir þá sérleyfishafi í lokuðum umslögum til pósthjónarinnar eins marga kjörseðla og hann hefir atkvæði, einn í hverju umslagi, og sé merkt með krossi við bókstaf þess lista, er hann kys, en kjörseðlaumslög þessi leggur hann síðan í eitt lokað umslag til pósthjónarinnar ásamt eiginhandarundirritaðri yfirlýsingu um, að hann hafi greitt þau atkvæði, sem í umslögunum eru.

Verði ekki skriflegri kosningu við komið, skal sérleyfishafi greiða atkvæði símleiðis, þannig að hann sendir pósthjóninni eitt símskeyti fyrir hvert atkvæði, sem hann hefir, og standi í því orðið „listi“ og bókstafur þess lista, er hann kys, en ekkert frekara og engin undirskrift. Samtímis skal stöðvarstjóri sendistöðvar skeytisins senda pósthjóninni þjónustuskeyti, þar sem tilgreint er, að hlutaðeigandi sérleyfishafi hafi með símskeyti eða símskeytum með tilgreindum númerum kosið í sérleyfisnefnd.

Pósthjónin gætir þess á viðeigandi hátt, að atkvæðisgreiðslan haldist leynd.

Um leið og sérleyfishafi kys, sendir hann pósthjóninni bréflega eða símleiðis, eftir því sem við á, skrá yfir þær bifreiðar, sem hann notar til sérleyfisferða, og skal tilgreina bókstafsmerki þeirra og númer.

7. gr.

Þegar kosningarfrestur er útrunninn, fer talning atkvæða fram, og skal hún framkvæmd af þremur mönnum að minnsta kosti, er pósth- og símamálastjóri tilnefdir, og er umboðsmönnum listans heimilt að vera viðstaddir,

13 Talning atkvæða fer þannig fram, að kjörseðlarnir eru allir settir í einn
12. febr. bunka, bæði þeir, sem í umslögum eru, og þeir, sem berast símleiðis. Tekur síðan einn talningarmanna hvern kjörseðil fyrir sig og segir upphátt listabókstaf hans, en hinir tveir rita niður atkvæðatöluna undir þann listabókstaf, sem hún tilheyrir.

Þegar talningu er lokið er lýst kosningu og hverjir séu varamenn hvers lista. Að afstaðinni kosningu gerir póst- og símamálastjóri atvinnumálaráðherra kunn úrslit kosningarinnar bréflega.

Reglur þessar ganga þegar í gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur um sama efni frá 16. maí 1935.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

14

12. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 21, 13. marz 1935, um einkasölu
á rafvélum, rafáhöldum o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 30, 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 21, 13. marz 1935.

1. gr.

1. málsg. 6. gr. reglugerðar nr. 21, 13. marz 1935, hljóði svo:

Fyrst um sinn er viðtækjaverzlun ríkisins falinn rekstur raftækjacinkasölnnar og veitir fjármálaráðherra forstöðumanni viðtækjaverzlunarinnar jafnframt prókúruumboð fyrir raftækjacinkasölu ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. febrúar 1936.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.